

Skóla- og frístundaráð

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um hinseginfræðslu fyrir foreldra krakka í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar þann 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Sigríðar Erlu Borgarsdóttur frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannréttindaskrifstofu í samstarfi við skóla- og frístundasvið að bjóða upp á hinseginfræðslu fyrir foreldra og forráðamenn í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við Samtökin '78 um framkvæmd fræðslunnar frá og með haustönn 2022 og tryggji fjármögnun verkefnisins.

Greinargerð:

Það er auðvitað mjög mikilvægt að krakkar fræðist um hinseginleikann en ekki síður mikilvægt að foreldrar og forráðamenn séu upplýstir um þessi mál. Það skiptir máli að forráðamenn geti svarað spurningum sem vakna hjá krökkum og að fræðandi og uppbyggileg samtöl um hinseginleikann eigi sér stað innan heimilisins. Í fræðslunni geta forráðamenn einnig lært hvernig er gott að taka á móti upplýsingum um kynhneigð og kynvitund barna sinna og eru þannig betur í stakk búin til að sýna þeim stuðninginn sem þau þurfa og eiga rétt á. Reykjavíkurborg er nú þegar í samstarfi við Samtökin '78 um hinseginfræðslu í öllum grunnskólum og væri hægt að nýta þetta til að ýta undir þá fræðslu og bæta við þann samning þannig að hann ætti líka við um foreldrafræðslu á vegum skólanna.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísí Valdímarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.